**144. löggjafarþing 2014–2015.**
**Þingskjal 1624 — 821. mál.**

# Fyrirspurn

til innanríkisráðherra um loftför.

Frá Helga Hrafni Gunnarssyni.

1. Hversu mörg loftför voru skráð á Íslandi og/eða með gilt lofthæfisstaðfestingarvottorð árin 2008–2014, flokkað eftir eftirfarandi tegundum:
   a. flutningaloftför (atvinnuloftför sem falla undir EASA-reglur, sbr. 3. gr. reglugerðar nr. 202/2007, um flokkun loftfara og lofthæfivottorða),
   b. almannaloftför með EASA-vottun (einkaloftför sem falla undir EASA-reglur, sbr. 3. gr. áðurnefndrar reglugerðar),
   c. söguleg loftför (almannaloftför),
   d. heimasmíðuð loftför (einkaloftför)?
2. Hvað hafa á fyrrgreindu tímabili verið framkvæmdar margar ACAM-úttektir samkvæmt grein M.B.303 í viðauka I við reglugerð (EB) nr. 2042/2003 um áframhaldandi lofthæfi loftfara og annarra framleiðsluvara, flokkað eftir tegundum skv. 1. tölul., og hversu mörg loftför voru skyndikyrrsett með 1. stigs frávik og 2. stigs frávik?

Svar óskast sundurliðað eftir árum.

**Skriflegt svar óskast.**